

**Umsögn dómnefndar
samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst
var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 17. apríl 2020**

Reykjavík, 11. júní 2020

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| 1. Umsækjendur | 3 |
| 2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á | 3 |
| 3. Um málsmeðferð dómnefndar..... | 6 |
| 4. Almennar upplýsingar um umsækjendur | 7 |
| 5. Mat á umsækjendum | 13 |
| 5.1. Menntun og framhaldsmenntun | 13 |
| 5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður..... | 13 |
| 5.2. Reynolds af dómstörfum | 14 |
| 5.2.1. Reynolds af dómstörfum – samanburður..... | 15 |
| 5.3. Reynolds af lögmanns- og málflutningsstörfum..... | 16 |
| 5.3.1. Reynolds af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður..... | 17 |
| 5.4. Reynolds af stjórnsýslustörfum | 17 |
| 5.4.1. Reynolds af stjórnsýslustörfum – samanburður | 19 |
| 5.5. Reynolds af fræðistörfum o.fl..... | 19 |
| 5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf | 19 |
| 5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður..... | 20 |
| 5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl | 20 |
| 5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður | 21 |
| 5.6. Reynolds af stjórnun | 21 |
| 5.6.1. Reynolds af stjórnun – samanburður | 22 |
| 5.7. Reynolds af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. | 23 |
| 5.7.1. Reynolds af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður | 24 |
| 5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi | 24 |
| 5.9. Sérstök starfshæfni..... | 25 |
| 5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu | 25 |

| | |
|--|----|
| 5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu | 26 |
| 5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi | 27 |
| 6. Niðurstaða dómnefndar | 27 |

1. Umsækjendur

Með bréfi 11. maí 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 17. apríl 2020 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættið: Arnfríður Einarsdóttir, landsréttardómari, Ástráður Haraldsson, héraðsdómari, Helgi Sigurðsson, héraðsdómari, Ragnheiður Bragadóttir, landsréttardómari, og Ragnheiður Snorradóttir, héraðsdómari.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði, þ. á m. Arnfríður Einarsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir sem hafa áður verið skipaðar dómrarar við Landsrétt. Samkvæmt þessu mun dómnefnd leggja mat á hæfni allra fimm umsækjendanna, enda ekki á valdsviði nefndarinnar að taka afstöðu til framangreindrar ákvörðunar ráðuneytisins.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja two eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemnum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa

fjölbreyttir starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi ráðherra dómsmála og mannréttinda setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort

hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttar að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Þá sé með fjölbreyttri starfsreynslu átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin,

sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði.

Í dóumum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um fimmtán embætti landsréttardómara. Í dómunum fann Hæstiréttur að því að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Samkvæmt þessu skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Ragnheiður Harðardóttir og Ragnhildur Helgadóttir ákveðið að víkja sæti í dómnefnd og hafa varamenn þeirra, Halldór Halldórsson og Sigríður Þorgeirsdóttir, tekið sæti í nefndinni í þeirra stað. Fyrir sátu í henni Eiríkur Tómasson, formaður, Kristín Benediktsdóttir og Óskar Sigurðsson.

Þeim dómnefdarmönnum, sem taka þátt í meðferð málsins, er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að því. Hinn 13. maí 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefdarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 29. maí 2020.

Í framangreindri auglýsingu frá 17. apríl 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Landsrétt upplýsingar um two fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 sendi dómnefnd spurningalistu til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.8. hér á eftir.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 11. maí 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Vegna þess að breytingar urðu á skipan nefndarinnar og hún kom fyrst saman fullskipuð á fundi 13. maí 2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur hennar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010 frá þeim degi til 24. júní 2020. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 3. júní 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 10. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá tveimur umsækjendum og voru af því tilefni gerðar smávægilegar breytingar á fyrirliggjandi umsögn, en niðurstaða hennar hélst óbreytt.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra meginþjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Arnfríður Einarsdóttir er fædd 1. apríl 1960 og er því 60 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1986. Þriggja missera námi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands lauk hún árið 2001. Þá hefur hún sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis og erlendis auk þess sem hún var í námsvist dómara við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg í Frakklandi haustið 2014. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1989, svo og réttindi til sáttamiðlunar. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur í þinglýsingardeild Borgarfógetaembættisins í Reykjavík og starfaði þar fram í september það ár þegar hún réðist til starfa sem fulltrúi yfirborgardómarans

í Reykjavík. Við það embætti starfaði hún til 1. júlí 1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi. Hún hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur árið 1993 og gegndi því starfi til 1998. Þá varð hún aðstoðarmaður dómara við dómstólinn og gegndi því starfi þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans snemma árs 1999 til ársins 2006. Á árunum 1992-2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Suðurlands eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness 1. febrúar 2006 og við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. maí 2010. Í ársbyrjun 2018 var hún skipuð dómari við Landsrétt. Hún var skipuð forseti Félagsdóms 1. nóvember 2010 og hefur sinnt því starfi síðan en áður hafði hún verið varamaður við dómstólinn. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti í fimm málum. Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna árin 1997-2010, sat í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998-2010 og í dómstólaráði 2006-2010. Á árunum 2002-2018 var hún fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice (CEPEJ)*. Þá sat hún um árabil í ýmsum ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar, þ. á m. í kenningarnefnd þjóðkirkjunnar, stjórn Prestssetrasjóðs 1994-1998 og stjórn Hins íslenska bíblíufélags 1993-2019 þar sem hún gegndi m.a. stöðu varaforseta. Hún var formaður stjórnar launasjóðs stórmeistara í skák um nokkurra ára skeið, átti sæti sem varamaður formanns fornleifanefndar um hríð og sat árin 2012-2018 í laganefnd ÍSÍ. Á árunum 2001-2005 var hún varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Í maí 2010 var hún skipuð í þverfaglegan vinnuhóp af heilbrigðisráðherra til að vinna að sáttum í tilteknu ágreiningsmáli. Í ágúst 2015 var hún skipuð formaður nefndar um mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara.

Ástráður Haraldsson er fæddur 27. ágúst 1961 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1990. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið bæði hérlandis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í mars 1991 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í maí 1995. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu þar sem hann varð meðeigandi 1992. Frá þeim tíma starfaði umsækjandinn sem sjálfstætt

starfandi lögmaður uns hann var skipaður héraðsdómarí við Héraðsdóm Reykjavíkur í byrjun árs 2018. Hann var í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands 1995-2000. Frá ársbyrjun 2019 hefur umsækjandinn verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara. Umsækjandinn var í hlutastarfi dósents við Háskólann á Bifröst frá árinu 2002 til september 2017. Kenndi hann fyrst og fremst vinnurétt í grunnnámi, en kom einnig að kennslu í stjórnsýslurétti og starfsmannarétti. Síðari árin fékkst umsækjandinn aðallega við kennslu í fullnusturéttarfari á meistarastigi en einnig á sérstöku námskeiði um málflutning fyrir dómi. Einnig kenndi hann á námskeiði fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmenn frá 2002 til 2006. Hann var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla 2000 og 2004. Þá kenndi hann á námskeiði um starfsmannastjórnun hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2001. Eftir umsækjandann liggja fjórar tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni auk þess sem hann getur um 13 slík erindi og framsögur á fundum ýmissa félaga og og stofnana, þar með talið á sviði réttarfars. Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann hefur tekið sæti í fimm málum í Félagsdómi, hann sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994, gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslysa 1991-1992 og var í samráðsnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1995-2000. Hann sat í stjórn Aflvaka Reykjavíkur 1996-2000, var kjörinn í útvarpsréttarnefnd 1998-2004 og sat í kærunefnd húsnæðismála 1999-2003. Umsækjandinn átti sæti í háskólaráði Háskóla Íslands 1986-1988 og var í stjórn Háskólans á Bifröst 2006-2012. Umsækjandinn sat um skeið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003 og var formaður hennar 2006. Átti sæti í landskjörstjórn 2003-2018 og var formaður hennar 2009-2011. Hluta ársins 2017 sat hann í stjórn Lögmannafélags Íslands. Auk þessa átti hann sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja í tengslum við lögmannsstörf sín. Umsækjandinn stýrði ásamt öðrum vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á vatnalögum og kom að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og sem ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013.

Helgi Sigurðsson er fæddur 26. mars 1961 og er því 59 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1987. Umsækjandinn lauk meistaraprófi frá Cambridge-háskóla árið 2002 og hefur auk þess sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989, takmarkaða heimild til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands árið 1998 og réttindi til málflutnings fyrir réttinum árið 2000. Hann lauk prófi í verðbréfamiðlun árið 1999. Að loknu laganámi árið 1987 hóf hann störf sem fulltrúi hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík. Hluta af því ári og því næsta starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu. Árin 1988-1995 starfaði hann hjá Kaupþingi hf., fyrst sem framkvæmdastjóri fasteignasölu Kaupþings hf., 1989-1991 sem framkvæmdastjóri innheimtu- og lögfræðisviðs, 1991-1992 sem framkvæmdastjóri verðbréfasjóðs Hávöxtunarfélagsins hf. og Hlutabréfasjóðsins Auðlindar hf. og 1992-1995 sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings hf. Árin 1995-1998 rak hann lögmannsstofu með tveimur öðrum. Hann starfaði sem sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings hf. árin 1998-2002 en frá þeim tíma og til ársins 2008 var hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. og ritari stjórnar. Hann gegndi sömu störfum í Arion banka árin 2008-2009 en að því loknu hóf hann störf sem sjálfstætt starfandi lögmaður í samstarfi við aðra lögmannsstofu. Á árunum 2011-2017 var hann einn af eigendum þeirrar stofu. Í ársbyrjun 2018 var umsækjandinn skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Samhliða og í tengslum við starf sitt sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs sat umsækjandi í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálfyrirtæki árin 2002-2008 og ýmist sat í eða starfaði með fjórum nefndum sem unnu að samningu lagafrumvarpa um málefni á sviði fjármálastarfsemi auk þess að vera falið af Samtökum fjármálfyrirtækja að gera athugasemdir við fjölmörg lagafrumvörp og sitja fundi þingnefnda fyrir hönd verðbréfa- og fjármálfyrirtækja. Í störfum sínum fyrir áðurgreind fjármálfyrirtæki átti hann í margvíslegum samskiptum við stjórnvöld. Ennfremur átti hann sæti í stjórnum ýmissa einkafyrirtækja. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1994-2011 í félagarétti II (félaga- og kauphallarrétti) og verðbréfamarkaðsrétti auk þess sem hann hélt fyrirlestra í opinberu markaðseftirliti árin 2014 og 2016 og kom að þjálfun nemenda í námskeiðinu Norræna málflutningskeppnin 2016-2017. Hann hefur

verið leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Eftir hann liggar ein ritrýnd fræðigrein og tvær óritrýndar greinar. Þá hefur hann flutt tvö erindi um lögfræðileg efni hér á landi og erlendis. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var skipaður meðdómsmaður í tveimur málum í héraðsdómi árin 2005 og 2007 auk þess sem hann var dómkvaddur matsmaður í tveimur dómsmálum. Hann hefur setið í áfrýjunardómstól ÍSÍ frá 2015, þar af sem formaður frá 2017. Hann kenndi á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar árið 1994 og á námskeiðum Lögmannafélags Íslands árin 2003 og 2008 og Endurmenntunar Háskóla Íslands árin 2003 og 2004.

Ragnheiður Bragadóttir er fædd 18. febrúar 1963 og er því 57 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmisseri 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku og lagði þar áherslu á réttarfari, en sat einnig tíma í Evrópurétti, mannréttindum og réttarsiðfræði. Þá hefur hún sótt símenntunarnámskeið bæði hérlandis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996, Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík og gegndi því starfi til 1. júlí 1992 þegar hún hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 15. ágúst 1997 til 15. janúar 1999, en þá var hún sett til þess að gegna starfi héraðsdómara til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Í apríl 2002 hóf hún rekstur eigin lögmannsstofu og í desember 2004 stofnaði hún ásamt tveimur öðrum nýja lögmannsstofu þar sem hún starfaði fram í september 2005. Hún var skipuð héraðsdómari og dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands 15. september 2005, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness 1. september 2008 og dómari við Landsrétt í ársbyrjun 2018. Af aukastörfum umsækjandans skal nefnt að hún var varamaður í óbyggðanefnd 1998-2005, en á þeim tíma tók hún þátt í samningu úrskurða. Frá 2000-2005 var hún varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálfyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar. Hún sat í samkeppnisráði 2002-2005. Umsækjandinn var stundakennari í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla

Íslands 1997 og 1998 og í samningarátti við lagadeild sama skóla 1998. Þá getur hún þess að hún hafi flutt erindi um lögfræðileg málefni. Hún sat í stjórn Lögmannafélags Ísland 2003-2005, þar af sem varaformaður frá 2004, og 2003-2004 sat hún í fræðslunefnd félagsins. Þá sat hún í stjórn fyrirtækis 2001-2005, í stjórn Dómarafélags Íslands 2009-2013 og í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2017-2019.

Ragnheiður Snorradóttir er fædd 21. júlí 1965 og er því 54 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í byrjun árs 1993 og meistaraprófi í skattarátti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School) 2007. Haustið 2012 stundaði hún nám við lagadeild Árósarháskóla í almennu einkamálaréttarfari, félagarátti og alþjóðalögum. Þá hefur hún sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá skattstjóranum í Reykjavík og starfaði þar til 1994. Á árunum 1994-2007 starfaði hún í fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið á tekju- og lagaskrifstofu þess, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998-2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið 2007. Árin 2007-2010 var hún nefndarmaður að aðalstarfi í yfirskattanefnd. Hún hóf störf á lögmannsstofu 2010 og starfaði þar uns hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. febrúar 2013. Samhliða og í tengslum við fyrrgreind stjórnsýslustörf gegndi umsækjandinn formennsku í fjölmörgum nefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum, sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði skattaráttar. Á árunum 2005-2010 var umsækjandinn stundakennari í alþjóðlegum skattarátti við Háskólann á Bifröst, á árunum 2009-2013 stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarátti við lagadeild Háskóla Íslands og 2017 og 2019 í réttarfari við sömu deild. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá fimm ritverkum sínum um lögfræðileg efni, fjórar fræðigreinar og eitt rit ásamt meðhöfundi, en þjár þessara greina og ritið er ritrýnt. Ein greinanna er rituð með rannsóknarstyrk sem umsækjandinn hlaut frá Norræna skattrannsóknaráðinu. Af öðrum aukastörfum umsækjandans má nefna að hún var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara árin 1998-2002, formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011-2013 og á árinu 2008

samdi hún ásamt öðrum nefndarmanni í yfirkattanefnd frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Arnfríður Einarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1986. Þriggja missera námi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands lauk hún árið 2001. Þá hefur hún sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis og erlendis og öðlast réttindi til sáttamiðlunar.

Ástráður Haraldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1990. Hann hefur sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis og erlendis.

Helgi Sigurðsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1987. Hann lauk meistaraprófi frá Cambridge-háskóla árið 2002, prófi í verðbréfamíðlun árið 1999 og hefur auk þess sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis og erlendis.

Ragnheiður Bragadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmisseri 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku. Þá hefur hún sótt símenntunarnámskeið, bæði hér á landi og erlendis.

Ragnheiður Snorradóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í ársbyrjun 1993 og meistaraprófi í skattarétti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 2007. Haustið 2012 stundaði hún nám við lagadeild Árósarháskóla. Þá hefur hún sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis og erlendis.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Helgi* og *Ragnheiður Snorradóttir* standi fremst umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Bæði hafa þau lokið meistaraprófi í lögum og lagt stund á frekara nám að loknu embættisprófi. Eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra. Næst þeim kemur *Arnfríður* sem á að baki nám í opinberri stjórnsýslu og stjórnun á háskólastigi, þá *Ragnheiður Bragadóttir* sem stundað hefur laganám erlendis án próftöku og loks *Ástráður* sem ekki

hefur lagt stund á framhaldsnám í lögfræði, en sótt eins og aðrir umsækjendur ýmis námskeið að loknu embættisprófi.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Amfríður Einarsdóttir starfaði sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík að loknu laganámi. Við það embætti starfaði hún til 1. júlí 1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi. Hún hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur árið 1993 og gegndi því starfi til 1998. Þá varð hún aðstoðarmaður dómara við dómstólinn í um eins árs skeið. Á árunum 1992-2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Suðurlands eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness 1. febrúar 2006 og við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. maí 2010. Í ársbyrjun 2018 var hún skipuð í embætti dómara við Landsrétt sem hún hefur gegnt síðan, en ekki sinnt dómstörfum þar frá miðjum mars 2019. Störf hennar hafa tekið til allra réttarsviða. Hún var skipuð forseti Félagsdóms 1. nóvember 2010 og hefur gegnt því starfi síðan, en áður hafði hún verið varadómari við dómstólinn. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti í fimm málum.

Ástráður Haraldsson hefur í rúm tvö ár gegnt embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og sinnt aðallega úrlausn einkamála. Áður en hann gerðist héraðsdómari tók hann sæti sem dómari í Félagsdómi í fimm málum.

Helgi Sigurðsson hefur í rúm tvö ár gegnt embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og sinnt aðallega úrlausn einkamála. Frá ársbyrjun 2019 hefur hann einkum sinnt úrlausn mála sem lúta að aðfarargerðum, gjaldþrotum, nauðungarsölu, matsbeiðnum, fjárskiptum hjóna o.fl. Áður en hann gerðist héraðsdómari var hann tvívegis meðdómandi í fjölskipuðum héraðsdómi og dómkvaddur matsmaður í tveimur málum.

Ragnheiður Bragadóttir starfaði í þrjú ár að loknu embættisprófi sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Frá 1. júlí 1992 starfaði hún í rúm fimm ár sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún gegndi starfi aðstoðarmanns hæstaréttardómara í um eitt og hálfst ár, en þann 15. janúar 1999 var hún sett héraðsdómari til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Hún var skipuð

dómari við Héraðsdóm Austurlands frá 15. september 2005, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness 1. september 2008 og dómarí við Landsrétt í ársbyrjun 2018, en því embætti hefur hún gegnt síðan þótt hún hafi ekki sinnt dómstörfum þar frá miðjum mars 2019. Störf hennar hafa tekið til allra réttarsviða. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti í fjórum málum.

Ragnheiður Snorradóttir var skipuð dómarí við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. febrúar 2013 og hefur gegnt því embætti síðan. Hún hefur aðallega fengist við úrlausn einkamála. Um hálfs árs skeið sinnti hún úrlausn mála sem lúta að aðfarargerðum, gjaldþrotum, nauðungarsölu, matsbeiðnum, fjárskiptum hjóna o.fl.

5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur einhverja reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þau leystu úr málum á eigin ábyrgð. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem fulltrúar eða aðstoðarmenn dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Tveir af umsækjendum hafa starfað sem skipaðir dómrarar við Landsrétt, en reynsla af störfum við þann dómstól hlýtur eðli máls samkvæmt að vega þyngra en reynsla af dómstörfum í héraði. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti og tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. í Félagsdómi.

Að öllu þessu virtu teljast þær *Arnfríður* og *Ragnheiður Bragadóttir* standa fremstar umsækjenda í þessum matsþætti þar sem þær eiga að baki langan og fjölbreyttan dómaraferil, þ. á m. sem landsréttardómarar. Þegar á það er litið að *Arnfríður* hefur starfað sjálfstætt sem dómari í um 17 ár, auk þess að gegna starfi forseta Félagsdóms í liðlega níu ár, hefur dómarrareynsla hennar enn meira vægi en sambærileg reynsla *Ragnheiðar* sem hefur verið sjálfstætt starfandi dómari í um 16 ár. Næst þeim kemur *Ragnheiður Snorradóttir* sem gegnt hefur embætti héraðsdómara í meira en sjö ár og síðan *Ástráður* og *Helgi* sem hafa verið héraðsdómarar í nær tvö og hálf ár. Við mat á vægi dómarrareynslu þriggja síðarnefndu umsækjendanna er

jafnframt horft til þess að ekkert þeirra hefur kveðið upp dóm í sakamáli á eigin ábyrgð eða verið dómsformaður í fjölskipuðum héraðsdómi í slíku máli.

5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Arnfríður Einarsdóttir hefur ekki starfað sem lögmaður, en öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1989.

Ástráður Haraldsson hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1991 og sem hæstaréttarlögmaður 1995. Að loknu embættisprófi árið 1990 starfaði hann sem fulltrúi á lögmannsstofu í eitt ár og síðan óslitið frá 1992 til 2017 sem lögmaður. Frá árinu 1995 til 2000 var hann einnig í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands. Verkefni hans sem lögmanns hafa snert flest svið lögfræðinnar, að undanskildum sakamálum, en að drýgstum hluta hafa þau snúið að stjórnsýslu- og vinnurétti, svo og skiptingu þatabúa, eignaumsýslu og sölu eigna.

Helgi Sigurðsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989, takmarkaða heimild til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 1998 og réttindi til málflutnings fyrir réttinum árið 2000. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu í um eins árs skeið á árunum 1987 og 1988. Árin 1995-1998 rak hann lögmannsstofu með tveimur öðrum. Á árinu 2009 hóf hann störf sem sjálfstætt starfandi lögmaður í samvinnu við lögmannsstofu og á árunum 2011-2017 var hann einn af eigendum þeirrar stofu. Sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs þriggja fjármálafyrirtækja á árunum 1992-1995, 2002-2008 og 2008-2009 sinnti hann einnig flutningi mála fyrir dómi sem tengdust fyrrnefndum fjármálafyrirtækjum. Lögmannsstörf hans hafa einkum einkennst af verkefnum tengdum fjármálamarkaði.

Ragnheiður Bragadóttir hlaut leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður frá apríl 2002 til september 2005 og fékkst þá við margvísleg verkefni, þ. á m. málflutning fyrir héraðsdómi.

Ragnheiður Snorradóttir hlaut leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Hún starfaði á lögmannsstofu frá september 2010 til loka janúar 2013 þar sem hún sinnti einkum rádgjöf og flutti m.a. tvö mál fyrir héraðsdómi.

5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Fjögur umsækjenda hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er einkum litið til þess hve langan feril þau eiga að baki sem lögmenn, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þau hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þau fengu lögmannsréttindi, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Þá er tekið mið af því að sumir umsækjenda sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum, en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats, svo sem viðamikil stjórnsýslustörf og kennsla.

Samkvæmt framansögðu standa þeir *Ástráður* og *Helgi* fremstir umsækjenda í þessum matsþætti vegna lögmannsstarfa um langt árabil. Þegar horft er til þess að *Ástráður* starfaði óslitið í um 25 ár sem einn af eigendum lögmannsstofu, þar af fimm ár í hlutastarfi, telst lögmanns- og málflutningsreynsla hans hafa meira vægi en sambærileg reynsla *Helga* sem var eigandi eða meðal eigenda lögmannsstofu í um 11 ár þótt hann hafi sinnt málflutningi að verulegu leyti í áratug til viðbótar, samhliða öðrum störfum. Næst þeim kemur *Ragnheiður Bragadóttir* sem var eigandi lögmannsstofu í tæp þrjú og hálft ár og síðan *Ragnheiður Snorradóttir* sem starfaði á lögmannsstofu í nær tvö og hálft ár án þess að hafa komið að ráði að málflutningi fyrir dómi. *Arnfríður* hefur ekki fengist við lögmanns- eða málflutningsstörf.

5.4. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arnfríður Einarsdóttir starfaði í nokkra mánuði í þinglýsingardeild Borgarfógetaembættisins í Reykjavík að loknu laganámi. Þá gegndi hún starfi skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur 1999-2006 með hléum þegar hún var settur héraðsdómari. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna á árunum 1997-2010 og hvíldi ábyrgð á stjórnun og skipulagi nefndarinnar á henni, en nefndin lauk meðferð 244 mála á tímabilinu. Þá átti hún sæti í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998-2010 þar sem hún kom að samningu úrskurða nefndarinnar. Hún sat í

dómstólaráði 2006-2010. Hún var formaður stjórnar launasjóðs stórmeistara í skák um nokkurra ára skeið, átti sæti sem varamaður formanns fornleifafndar um hríð og tók þátt í að ljúka fjórum málum þar.

Ástráður Haraldsson sat í umferðarnefnd Reykjavíkur árin 1990-1994 og gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslysa 1991-1992. Árin 1999-2003 átti hann sæti í kærunefnd húsnæðismála. Þá sat hann í útvarpsréttarnefnd 1998-2004, í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003 og var formaður hennar 2006. Í landskjörstjórn sat hann 2003-2018, þar af sem formaður í þrjú ár.

Helgi Sigurðsson var fulltrúi hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík um nokkurra mánaða skeið á árinu 1987. Hann sat í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármála-fyrirtæki á árunum 2002-2008. Á meðan hann starfaði fyrir banka og önnur fjármála-fyrirtæki hafði hann mikil og margþætt samskipti við stjórnvöld, svo sem Fjármálaeftirlitið, Seðlabankann og Samkeppniseftirlitið, þar sem reyndi á meginreglur stjórnsýslulaga í skiptum þessara fyrirtækja við hið opinbera.

Ragnheiður Bragadóttir var skipuð varamaður í óbyggðaneftnd frá 1998 til 2005, en á þeim tíma tók hún þátt í samningu sjö úrskurða í jafn mörgum málum. Árin 2000-2005 var hún varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármála-fyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu sjö mála. Hún sat í samkeppnisráði 2002-2005, en á þeim tíma tók ráðið ákvörðun í samtals 22 málum.

Ragnheiður Snorradóttir starfaði hjá embætti skattstjórans í Reykjavík á árunum 1993 og 1994. Frá þeim tíma og til ársins 2007 starfaði hún á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998-2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið á árinu 2007. Helstu verkefni hennar í ráðuneytinu voru samning lagafrumvarpa og reglugerða á sviði tekju- og eignarskatta auk annarra skatta og gjalda. Ennfremur hafði hún umsjón með málum er vörðuðu innheimtu opinberra gjalda og meðferð þjóðlendumála. Hún átti sæti í yfirskattanefnd á árunum 2007-2010 og kvað ásamt öðrum nefndarmönnum upp fjölda úrskurða á því tímabili. Samhliða og í tengslum við fyrrgreind stjórnsýslustörf gegndi hún formennsku í fjölmörgum stjórnsýslunefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum, sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði

skattaréttar. Hún var formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011-2013, en á því tímabili kvað nefndin upp nokkra úrskurði.

5.4.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Í mörgum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni vegna stjórnsýslureynslu. Þó skiptir máli hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010, svo sem seta í úrskurðarnefndum er halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma.

Að þessu virtu stendur *Ragnheiður Snorradóttir* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Skiptir þar mestu máli að hún starfaði á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í um 13 ár, lengstum sem staðgengill skrifstofustjóra, og átti sæti í yfirskattanefnd um þriggja ára skeið, en á hitt er að líta að viðfangsefni hennar í stjórnsýslunni hafa fyrst og fremst verið á sviði skattaréttar. Næst henni kemur *Arnfríður* sem var skrifstofustjóri stærsta dómstóls landsins samtals í nærfellt fjögur ár, auk þess sem hún hefur um langt árabil gegnt formennsku og setið í úrskurðarnefndum á sviði stjórnsýslu ríkisins og þjóðkirkjunnar. Þar á eftir fylgir *Ástráður*, þá *Ragnheiður Bragadóttir* og loks *Helgi*.

5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Arnfríður Einarsdóttir hefur ekki annast kennslu á háskólastigi eða fengist við önnur akademísk störf.

Ástráður Haraldsson var dósent í hlutastarfi við Háskólann á Bifröst á árunum 2002-2017 og kenndi þar fyrst og fremst vinnurétt, stjórnsýslurétt og starfsmannarétt. Síðari árin fékkst hann þó aðallega við kennslu í fullnusturéttarfari. Árin 2002-2006 kenndi hann á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda og

var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla á árunum 2000 og 2004.

Helgi Sigurðsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1994-2011, en umfang kennslunnar var mismikið eftir árum. Kennslusvið hans var aðallega félagaréttur, einkum samruni fyrirtækja, og verðbréfamarkaðsréttur. Þá kom hann að kennslu á árunum 2014 og 2016 í opinberu markaðseftirliti og 2016 og 2017 í námskeiðinu Norræna málflutningskeppnin. Hann hefur verið leiðbeinandi í ritun þriggja meistararitgerða. Þá kenndi hann á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar árið 1994.

Ragnheiður Bragadóttir annaðist stundakennslu í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands árin 1997 og 1998 og í samningarárétti við lagadeild sama skóla á haustmisseri 1998.

Ragnheiður Snorradóttir var stundakennari í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst á árunum 2005-2010. Árin 2009-2013 var hún stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands og 2017 og 2019 í réttarfari við sömu deild.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu á *Ástráður* að baki mesta reynslu umsækjenda á því sviði sem hér um ræðir, en hann var dósent í hlutastarfi við Háskólann á Bifröst um langt árabil. Næst honum koma þau *Helgi* og *Ragnheiður Snorradóttir*, en ekki verður gert upp á milli reynslu þeirra í þessum matsþætti. *Ragnheiður Bragadóttir* hefur sinnt lagakennslu á háskólastigi í takmörkuðum mæli í samanburði við hin þrjú, en *Arnfríður* hefur sem fyrr greinir ekki gert það.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Arnfríður Einarsdóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði eða annað sem hér getur fallið undir.

Ástráður Haraldsson hefur ritað fjórar óritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg málefni. Þá getur hann í umsókn sinni um 13 erindi um lögfræði og framsögur af sama toga við hin ýmsu tilefni hér á landi og erlendis.

Helgi Sigurðsson hefur ritað eina ritrýnda fræðigrein í lögfræðirit og tvær óritrýndar greinar í lögfræðitímarit. Hann var ritstjóri Ármannsbókar, afmælisrits Ármanns Snævarr. Þá getur hann í umsókn sinni um tvö erindi um lögfræði sem hann hefur flutt hér á landi og erlendis.

Ragnheiður Bragadóttir tilgreinir ekki í umsókn sinni útgefnar bækur eða greinar á sviði lögfræði. Hún nefnir að hún hafi flutt þrjú erindi um lögfræði hér á landi.

Ragnheiður Snorradóttir hefur samið eitt ritrýnt rit ásamt meðhofundi, „Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur“, þar sem fjallað er um þær reglur sem gilda um slíka samninga og aðrar skattareglur í Evrópu. Í ritinu er gefin greinargóð lýsing á reglunum og gerð grein fyrir túlkun tvísköttunarsamninga og efnisatriðum þeirra sem og gerðum Evrópusambandsins á sviði beinna skatta. Þá hefur hún ritað fjórar fræðigreinar um lögfræði og eru þrjár þeirra ritrýndar.

5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem eru fræðirit og greinar. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Við matið er litið til fjölda, umfangs og fjölbreytni fræðiskrifa hlutaðeigandi umsækjanda, auk þess sem horft er til þess hvort hann hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt, sem og ritstjórnarstörfum þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó léttvægir í samanburði við útgefið efni.

Að þessu virtu stendur *Ragnheiður Snorradóttir* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Næstur henni kemur Ástráður og þá *Helgi*. Framlög *Ragnheiðar Bragadóttur* hafa að mati dómnefndar ekkert vægi í samanburði við framlög hinna þriggja og *Arnfríður* hefur sem fyrr segir ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan þátt.

5.6. Reynsla af stjórnun

Arnfríður Einarsdóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur samtals í nærfellt fjögur ár á árunum 1999-2006. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna á

árunum 1997-2010 og var skipuð formaður nefndar um mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara 2015. Þá var hún formaður stjórnar launasjóðs stórmestara í skák um nokkurra ára skeið.

Ástráður Haraldsson stóð að rekstri lögmannsstofu í um 25 ár. Þá fylgdu stjórnunarverkefni starfi hans sem forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands. Á árunum 1991-1992 var hann formaður rannsóknarnefndar sjóslysa, formaður landskjörstjórnar 2009-2011 og yfirkjörstjórnar Reykjavíkur árið 2006. Loks getur hann í umsókn sinni um störf sem skiptastjóri í nokkrum stórum þrotabúum er fylgt hafi umfangsmikil stjórnunarverkefni.

Helgi Sigurðsson var um árabil framkvæmdastjóri lögfræðisviðis Kaupþings hf., Kaupþings banka hf. og loks Arion banka hf. Hann stýrði einnig öðrum sviðum Kaupings hf. þar sem hann fór með stjórnun og mannaforráð. Hann stóð að rekstri lögmannsstofu, einn eða með öðrum, í um 11 ár. Þá hefur hann verið stjórnarformaður í einkahlutafélagi.

Ragnheiður Bragadóttir starfaði sem dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands á árunum 2005-2008. Hún rak eigin lögmannsstofu árin 2002-2004, en með öðrum 2004-2005. Á árunum 2000-2005 var hún varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálfyrirtæki og varaformaður Lögmannafélags Íslands 2004-2005.

Ragnheiður Snorradóttir var staðgengill skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í mörg ár og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið. Á þessum tíma gegndi hún formennsku í fjölmörgum nefndum. Þá var hún formaður úrskurðarnefndar um raforkumál um tveggja ára skeið.

5.6.1. Reynsla af stjórnun - samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þau hafa sinnt þeim störfum.

Að því virtu telst *Helgi* standa fremstur umsækjenda í þessum matsþætti. Næstur honum kemur *Ástráður*, þá *Arnfríður*, síðan *Ragnheiður Bragadóttir* og loks

Ragnheiður Snorradóttir, en reynsla þeirra tveggja síðastnefndu á þessu sviði er tiltölulega lítil í samburði við reynslu hinna þriggja.

5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Amfríður Einarsdóttir tekur ekki fram umsókn sinni að hún hafi komið að samningu lagafrumvarpa, en hún sat í laganeftnd ÍSÍ á árunum 2012-2018. Sem formaður launasjóðs stórmeistara í skák hafði hún yfirumsjón með vinnu við að semja reglugerð um þá fyrir menntamálaráðuneytið. Á árunum 2002-2018 var hún fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice (CEPEJ)* sem m.a. semur viðmiðanir og reglur sem eiga að tryggja öryggi í réttarkerfum aðildarríkja og auka skilvirkni og gagnsæi. Þá var hún á árinu 2015 skipuð formaður nefndar um mat á hæfni umsækjenda um embætti héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara. Hún sat um árabil í ýmsum ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar, þ. á m. í kenningarnefnd hennar, stjórn Prestsetrasjóðs 1994-1998 og stjórn Hins íslenska bíblíufélags 1993-2019 þar sem hún gegndi m.a. stöðu varaforseta.

Ástráður Haraldsson stýrði ásamt öðrum vinnu við gerð frumvarps til gagngerra breytinga á vatnalögum. Hann hefur komið að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar á öðrum sviðum og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur Alþýðusambands Íslands og sem ráðgjafi fjármálaráðherra á árunum 2009-2013. Þá átti hann sæti í stjórn Lögmannaþélags Íslands og í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hluta ársins 2007 og sat í stjórn Háskólans á Bifröst um sex ára skeið. Frá ársbyrjun 2019 hefur hann verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara.

Helgi Sigurðsson ýmist sat í eða starfaði með fjórum nefndum sem unnu að samningu lagafrumvarpa um málefni á sviði fjármálastarfsemi, auk þess að vera falið af Samtökum fjármálfyrirtækja að gera athugasemdir við fjölmörg lagafrumvörp og sitja fundi þingnefnda fyrir hönd verðbréfa- og fjármálfyrirtækja. Hann hefur setið í áfrýjunardómstól ÍSÍ frá 2015, þar af sem formaður frá 2017.

Ragnheiður Bragadóttir sat í stjórn Lögmannaþélags Íslands á árunum 2003-2005, auk þess sem hún sat í fræðslunefnd félagsins 2003-2004. Hún sat í stjórn

Dómarafélags Íslands á árunum 2009-2013 og í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2017-2019.

Ragnheiður Snorradóttir kom að samningu fjölmargra lagafrumvarpa og reglugerða meðan hún starfaði í fjármálaráðuneytinu, þ. á m. var hún formaður nefnda og átti sæti í enn fleiri nefndum sem höfðu slík verkefni með höndum, einnig fyrir önnur ráðuneyti. Þá samdi hún ásamt öðrum nefndarmanni í yfirskattanefnd frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni. Hún var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara árin 1998-2002.

5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti koma til álita þau störf sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af stjórnsýslustörfum. Hafi umsækjandi t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt hér og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir, telst *Arnfríður* standa fremst umsækjenda á þessu sviði, ekki síst vegna þátttöku hennar í áðurgreindri nefnd á vegum Evrópuráðsins um sextán ára skeið. Næstir henni koma þeir *Ástráður* og *Helgi* og verður ekki gert upp á milli þeirra. Síðan *Ragnheiður Snorradóttir* og loks *Ragnheiður Bragadóttir*.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Eins og áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingum um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvö fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni landsréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars.

Að þessu virtu er það niðurstaða dómnefndar að þær *Arnfríður og Ragnheiður Bragadóttir* standi öðrum umsækjendum í við framar í þessum matsþætti vegna áralangrar reynslu sinnar sem dómarar í héraði og við Landsrétt, jafnt við meðferð einkamála sem sakamála. Öll hafa umsækjendurnir hins vegar sýnt með framangreindum störfum sínum að þau hafa öðlast mjög gott vald á réttarfarsreglum.

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum greinar-gerðum og stjórnsýsluúrskurðum hans má t.d. ráða hve gott vald hann hefur á réttarfarsreglum og hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Eins og áður greinir var í dóumum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 fundið að því að dómnefnd, sem mat hæfni umsækjenda um 15 embætti landsréttardómara, hafi ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins þeirra til að semja dóma. Í samræmi við þessa athugasemd Hæstaréttar hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst á grundvelli fyrirliggjandi dómsúrlausna þeirra. Ekki hefur aðeins verið horft til dóma, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra úrlausna þeirra, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Arnfríður* hafi sýnt að hún sé færust umsækjenda til að semja dóma. Það einkennir alla jafna þá dóma og úrskurði, sem hún kvað upp sem héraðsdómari og teknir voru til skoðunar af dómnefnd, svo og þá dóma Landsréttar sem hún hefur samið atkvæði að, að þar er gerð góð og, ef þörf krefur, ítarleg grein fyrir málsatvikum og öðrum atriðum sem þýðingu hafa við úrlausn málsins. Að auki eru oftast nær færð góð og gild lögfræðileg rök fyrir niðurstöðunni

hverju sinni. Næst Arnfríði að því er varðar hæfni til að semja dóma kemur að áliti dómnefndar *Ragnheiður Bragadóttir*, en héraðsdómar hennar og úrskurðir, sem nefndin fór yfir, svo og þeir dómar Landsréttar sem hún hefur samið atkvæði að, eru yfirleitt vel úr garði gerðir. Aðrir umsækjendur standa þeim tveimur ótvíráett að baki í þessum matshluta.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómarastörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa lítur nefndin svo á að allir umsækjendur séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti landsréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgúðri reynslu af dómréttum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa

starfsreynslu að baki. Þótt farsael starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. - 5.8 og 5.9.1, þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi öll öðlast þá lögfræðilegu þekkingu, sem gera verður kröfu um að landsréttardómari hafi til að bera, og séu vel hæf til að gegna því embætti. Séu umræddir matsþættir virtir í heild er það álit nefndarinnar að þau *Arnfríður Einarsdóttir* og *Ástráður Haraldsson* standi þar fremst umsækjenda og ekki séu efni til að gera upp á milli þeirra. Munurinn á milli umsækjendanna fimm í þessum matshluta er þó ekki svo afgerandi að úrslitum geti ráðið, einn og sér.

Vegna þess að svo háttar til skiptir enn meira máli en ella hver er færni umsækjenda til að nýta þá lögfræðiþekkingu, sem þau búa yfir, við að leysa úr dómmsmálum á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður greinir er það mat dómnefndar, sbr. kafla 5.9.2., að *Arnfríður Einarsdóttir* hafi sýnt að hún sé færust umsækjenda til að ráða ágreiningsmálum til lykta á þann hátt sem mælt er fyrir um í réttarfarslögum. Næst henni í þeim matshluta kemur *Ragnheiður Bragadóttir*.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða dómnefndar að Arnfríður sé hæfust umsækjenda til að gegna stöðu dómara við Landsrétt. Hún hefur mesta reynslu þeirra af dómstörfum og hefur m.a. starfað sem landsréttardómari og verið forseti Félagsdóms um árabil. Einnig hefur hún mikla reynslu af stjórnsýslustörfum og verulega reynslu af stjórnun auch þess sem hún hefur lokið háskólanámi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun. Þá hefur hún í umtalsverðum mæli sinnt öðrum störfum sem nýtast dómara við Landsrétt. Síðast en ekki síst hefur Arnfríður sýnt í störfum sínum sem dómari að hún hefur gott vald jafnt á einkamála- sem sakamálaréttarfari og á auðvelt með að leysa úr flóknum lögfræðilegum ágreiningsefnum á greinargóðan og rökstuddan hátt.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Arnfríður Einarsdóttir sé hæfust umsækjenda til að hljóta skipun í embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 17. apríl 2020.

Reykjavík, 11. júní 2020



Eiríkur Tómasson



Halldór Halldórsson



Kristín Benediktsdóttir



Óskar Sigurðsson



Sigríður Þorgeirsdóttir